

REGLUGERÐ

um bann við álaveiðum

1. gr.

Bann við veiðum.

Reglugerð þessi gildir um allar tegundir áls á Íslandi.

Allar álaveiðar eru óheimilar á Íslandi sbr. þó 2. gr.

Ef áll veiðist í lax- eða silungsveiði er skylt að sleppa honum. Öll sala og markaðsfærsla á íslenskum ál og álaafurðum er bönnuð.

2. gr.

Leyfi til veiða vegna eigin neyslu.

Fiskistofa getur veitt leyfi til takmarkaðra veiða á áli til eigin neyslu þar sem veiðar hafa verið eða verða stundaðar sem búslag. Leyfi skulu bundin því skilyrði að allur afli sé skráður og að Fiskistofu verði sendar árlega skýrslur um sókn og afla.

Leyfi til álaveiða til eigin neyslu skulu gefin út fyrir hvert almanaksár.

Einungis er heimilt að veiða afla til eigin neyslu en bannað að markaðsfæra veiddan afla

3. gr.

Umsóknir

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum leyfi til álaveiða til eigin nota í fjölmiðlum og á vefsíðu stofnunarinnar eigi síðar en ... ár hvert og skal umsóknarfrestur vera til ... ár hvert.

Í umsóknum skal kom fram á hvaða landsvæði áformað er að veiða, hvaða veiðarfæri sé áformað að nota og það magn sem sótt er um leyfi til að veiða.

Með umsóknum skulu fylgja upplýsingar um veiði umsækjanda síðustu 5 árin. Einnig skal fylgja með umsókn leyfi landeiganda ef umsækjandi er annar en landeigandi.

4. gr.

Málsmeðferð og útgáfa leyfa.

Fiskistofa annast útgáfu leyfa til veiða á áli til eigin neyslu.

Við afgreiðslu umsókna getur Fiskistofa leitað umsagna Hafrannsóknastofnunar.

Fiskistofa getur metið umfang umsókna þegar allar umsóknir hafa borist og takmarkað magn eða takmarkað með öðrum hætti veiðar ef stofnunin telur ástæðu til

Þá getur Fiskistofa hætt við að veita leyfi ef upplýsingar berast um að það sé ekki ráðlegt eða að stofn eða svæði sem áformað er að veiða á þoli það illa eða ekki.

Heimilt er að binda útgáfu leyfa til veiða ákveðnum skilyrðum, m.a. skýrsluskilum um veiðarnar, að veiðar séu takmarkaðar við tiltekið svæði, stærð og gerð veiðarfæra, magn sem heimilt er að veiða, veiðitímabil o.s.frv.

Í leyfi skal koma fram fyrir hvaða tímabil það gildir, hvort það gildi fyrir tiltekið landsvæði eða allt landið, að skylt sé að skrá alla veiði og skila skýrslum um sókn og afla, hvort tiltekin veiðarfæri skuli eða sé heimilt að nota til veiðanna (við veiðarnar), hvort takmarkanir séu á hvað megi veiða mikið í hverri veiðiferð eða á tilteknu veiðitímabili. Einnig skal tiltaka í leyfi að það sé gildi aðeins um veiðar til eigin neyslu og að bannað sé að markaðsfæra afla sem fæst við veiðarnar.

5. gr.

Framkvæmd og tilhögun veiða.

Að álaveiðum skal jafnan þannig staðið að veiðar og gengd lax og silungs spillist eigi.

Við veiðarnar skal leyfishafi fara eftir lögum og stjórnvaldsreglum sem gilda um veiðarnar og einnig ákvæðum sem sett eru um veiðarnar í leyfisbréfi.

6. gr.

Stöðvun veiða.

Fiskistofa getur að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar að felld úr gildi öll leyfi til álaveiða skv. reglugerð þessari sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra.

7. gr.

Framsál.

Framsál leyfa til álaveiða skv. þessari reglugerð er óheimilt.

8. gr.

Skýrsluskil.

Skil á skýrslum um veiði skulu fara fram á eyðublöðum sem Fiskistofa geftur út og með þeim hætti sem stofnunin ákveður og birtir upplýsingar um á vefsíðu sinni.

9. gr.

Afturköllun leyfa.

Þá getur Fiskistofa afturkallað leyfi sem veitt hafa verið ef upplýsingar berast um að það sé nauðsynlegt eða ráðlegt eða ef aðstæður breytast eða ef í ljós kemur að leyfishafi uppfyllir ekki skilyrði eða ef leyfishafi brýtur af sér.

10. gr.

Eftirlit.

Fiskistofa hefur eftirlit með að veiðar samkvæmt þessari reglugerð séu í samræmi við lög og reglur og getur gripið til aðgerða ef hún telur ástæðu til t.d. vegna brota á reglugerðinni eða ef skilyrði eru ekki lengur uppfyllt.

11. gr.

Viðurlög.

Um viðurlög við brotum á reglugerð þessari fer samkvæmt lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 61/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 14. febrúar 2019.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Jóhann Guðmundsson.